

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 1. mars 2023 í máli nr. 84/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 30. september 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að snjallsjónvarp sem hann keypti af varnaraðila hafi verið haldið galla og krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum kaupverð þess.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 10. október 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Var boðið ítrekað með ábyrgðarbréfi dags. 8. nóvember 2022, sem afhent var varnaraðila degi síðar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er um, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila og upplýsingar um tækið, teknar af vefsíðu [...] og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 28. febrúar 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á [...] snjallsjónvarpi af varnaraðila þann 29. janúar árið 2020 og greiddi fyrir það 99.990 krónur. Að sögn sóknaraðila bilaði tækið sumarið 2022. Hafi varnaraðili þá ráðlagt sóknaraðila að fara með tækið til viðgerðar á verkstæði þjónustuaðila framleiðanda sem sóknaraðili kveðst hafa gert. Hafi sóknaraðili fengið þær upplýsingar frá viðgerðaraðila að baklýsing á skjá tækisins hafi sprungið. Þá hafi viðgerðaraðili jafnframt upplýst um að líkur væru á að þessi bilun myndi endurtaka sig. Hafi sömu bilunar orðið vart aftur stuttu síðar. Að sögn sóknaraðila lýsir bilunin sér þannig að ekki er hægt að sjá mynd á skjánum. Sóknaraðili hafi haft samband við varnaraðila í byrjun septembermánaðar 2022 og tilkynnt honum að tækið væri bilað á ný og krafðist endurgreiðslu kaupverðs tækisins. Hafi varnaraðili tjáð sóknaraðila að þar sem meira en tvö ár væru liðin frá kaupunum væri sjónvarpið ekki lengur í ábyrgð varnaraðila. Sóknaraðili telur þetta ekki rétt í ljósi þess að kvörtunfrestur á sjónvarpstækjum sé fimm ár. Þar af leiðandi eigi varnaraðili að bæta sóknaraðila tjón sitt. Hafi varnaraðili upplýst sóknaraðila um að hann gæti farið með sjónvarpið í viðgerð á eigin kostnað.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að sjónvarpið hafi verið auglýst með þriggja ára ábyrgð en varnaraðili hafi fjarlæggt þær upplýsingar af vefsíðu sinni. Þessar upplýsingar komi þó enn fram á vefsíðunni [...], sem sé vefverslun í eigu sama aðila og varnaraðili. Bendir sóknaraðili á að við kaupin hafi hann getað valið milli þess að sækja sjónvarpið á starfsstöð [...] eða fá það sent frítt í gegnum varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að í neytendalögum sé skýrt kveðið á um að ef einhver hluti tækis bili beri seljanda að gera við það með fullnægjandi hætti svo sú bilun endurtaki sig ekki og sé þá sá hluti tækisins, sem hafi bilað, áfram í ábyrgð og byrji ábyrgðartímabil þess hlutar að telja upp á nýtt. Sóknaraðili kveðst hafa bent varnaraðila á þetta en án árangurs.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu kaupverðs enda telji hann fyrirséð að bilunin muni endurtaka sig enn á ný þrátt fyrir viðgerð verkstæðis. Þá telur sóknaraðili að með aðgerðarleysi sínu í máli þessu hafi varnaraðili fyrirgert rétti sínum til að gera aftur við sjónvarpið.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni, þ.e. hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir því niðurstaðan á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili keypti sjónvarpstæki af gerðinni [...] af varnaraðila 29. janúar 2020 fyrir 99.990 krónur. Um kaupin gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Sumarið 2022, eða um tveimur og hálfu ári síðar, tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um bilun tækisins. Var gert við sjónvarpið hjá þjónustuaðila framleiðanda. Skömmu síðar varð aftur vart við sömu bilun í tækinu og krafði sóknaraðili þá varnaraðila um endurgreiðslu kaupverðs. Bar varnaraðili þá fyrir sig að ábyrgð hans á tækinu væri ekki nema tvö ár og því yrði tækið ekki endurgreitt. Sóknaraðili krefst að varnaraðili endurgreiði honum kaupverð sjónvarpsins.

Kærunefndin telur að í kröfu sóknaraðila felist krafa un riftun kaupanna á grundvelli 32. gr. nkpl. og endurgreiðslu kaupverðs.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. nkpl. fjallar um hámarkstilkynningarfresti til að bera fyrir sig galla í neytendakaupum. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Þar sem meira en tvö ár voru liðin frá því að sóknaraðili festi kaup á sjónvarpinu þegar varnaraðila var tilkynnt um bilunina verður að meta hvort umrætt sjónvarp geti talist söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi framangreindrar 2. mgr. 27. gr. laganna. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdu með frumvarpi til nkpl. segir m.a. um þetta að líta þurfi til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafi ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma sem endurspeglast meðal annars í verði söluhlutar. Neytendur geta haft væntingar til þess að sjónvarp,

líkt og sjónvarp sóknaraðila, ætti að endast í töluverðan tíma og lengur en almennt gerist um söluhluti.

Í framanröktum skýringum er gefin sú leiðbeining að vafi um endingartíma eigi að hafa það í för með sér að vara verði felld undir fimm ára regluna frekar en tveggja ára. Verður því að líta svo á í máli þessu að sóknaraðila hafi verið fært að kvarta undan galla á umræddu sjónvarpi í fimm ár frá því kaupin fóru fram. Kvartaði sóknaraðili því undan galla í sjónvarpinu í tæka tíð í skilningi 2. mgr. 27. gr. laganna.

Samkvæmt gögnum málsins bilaði sjónvarpið um tveimur og hálfu ári eftir kaupin vegna þess að baklýsing í skjá sjónvarpsins sprakk. Fór viðgerð fram á tækinu en varð sömu bilunar aftur vart skömmu síðar. Þrátt fyrir að söluhlutur eigi að endast lengur en almennt gerist verður að meta hverju sinni hvort bilun verði rakin til framleiðslugalla eða annarra atvika.

Í 15. gr. nkpl. er fjallað um hvaða eiginleikum söluhlutur skuli búa yfir. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b-lið 2. mgr. segir svo að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Fallist er að sóknaraðili hafi mátt gera ráð fyrir því að sjónvarpið entist lengur en í tvö og hálf ár. Ekkert hefur komið fram um að bilunina sé að rekja til rangrar notkunar sóknaraðila og líta verður til þess að sjónvarpið hefur bilað með sama hætti í tvígang. Verður ekki annað séð en að sjónvarp sóknaraðila hafi verið haldið galla við afhendingu sem olli því að það entist mun skemur en gera mátti ráð fyrir við kaupin, sbr. a. og b. liður 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a. liður 1. mgr. 16. gr. laganna.

Samkvæmt 32. gr. nkpl. getur neytandi rift kaupum nema galli sé óverulegur. Forsenda fyrir kaupum á sjónvarpstæki er sú að unnt sé að nota það til áhorfs. Að sögn sóknaraðila virkar skjár hins umþrætta sjónvarps ekki. Er sjónvarpið ónothæft fyrir kaupandann. Verður því ekki annað séð en að umræddur galli hafi ekki verið óverulegur í skilningi 32. gr. nkpl.

Með hliðsjón af framangreindu er fallist á kröfu sóknaraðila. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila kaupverð sjónvarpsins samkvæmt 2. mgr. 49. gr. nkpl. Sóknaraðili hafði hins vegar haft afnot af sjónvarpinu í um tvö og hálf ár þar til gallans varð fyrst vart. Ber sóknaraðila þar af leiðandi að greiða varnaraðila fyrir afnot sjónvarpsins þann tíma samkvæmt 1. mgr. 50. nkpl. Að mati kærunevndarinnar er greiðsla fyrir afnot af sjónvarpinu hæfilega ákveðin að álitum 25.000 krónur. Ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila alls 74.990 krónur, sem nemur kaupverði sjónvarpsins að frádreginni greiðslu fyrir afnot af sjónvarpinu, gegn því að sóknaraðili skili varnaraðila umræddu sjónvarpi.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 74.990 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunevnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson